

Ár 2010, fimmtudaginn 2. september kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mættir voru: Eyþór H. Ólafsson, Ninna Sif Svavarsdóttir í forföllum Guðmundar Þórs Guðjónssonar og Róbert Hlöðversson.

Ennfremur sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Eyþór H. Ólafsson, vara formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann síðan eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Halldór Halldórsson formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Á fundinn mætti Halldór Halldórsson formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og kynnti starfsemi Sambandsins, helstu stefnumál og svaraði spurningum fundarmanna.

2. Bréf sem borist hafa frá:

2.1. Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 17. ágúst 2010.

Í bréfinu er boðað á ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sem haldið verður á Selfossi 13. og 14. september.

Fulltrúar Hveragerðisbæjar á ársþinginu eru Eyþór H. Ólafsson, Unnur Þormóðsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson, Ninna Sif Svavarsdóttir og Róbert Hlöðversson. Ennfremur mun Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri sitja ársþingið.

2.2. Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 26. ágúst 2010.

Með bréfinu fylgdi samningur um sameiginlegt þjónustusvæði Suðurlands um þjónustu við fatlaða. Fyrirhugað er að undirrita samninginn á ársþingi SASS.

Bæjarráð samþykkir samninginn og felur bæjarstjóra að undirrita hann fyrir hönd Hveragerðisbæjar.

2.3. Sorpstöð Suðurlands frá 27. ágúst 2010.

Í bréfinu er rætt um nýjan urðunarstað á Suðurlandi.

Lagt fram til kynningar en í ljósi stærðar Hveragerðisbæjar er ljóst að staðsetning urðunarstaðar innan bæjarmarka er óframkvæmanleg.

2.4. EVEN ódagsett.

Í bréfinu er rætt um samning um þátttöku í þjóðarátaki um rafbílavæðingu Íslands.

Lagt fram til kynningar en bæjarráð hyggst fylgjast náið með viðbrögðum annarra sveitarfélaga og ríkis vegna verkefnisins.

3. Starfsmanna málefni:

3.1. Minnisblað frá deildarstjóra yngsta stigs GíH frá 30. ágúst 2010 vegna ráðningar á tveimur stuðningsfulltrúum við GíH.

Lagt fram minnisblað frá deildarstjóra yngsta stigs GíH þar sem óskað er eftir að ráða tvo stuðningsfulltrúa.

Bæjarráð samþykkir að ráða tvö stuðningsfulltrúa til vors, annars vegar í 60% stöðu og hins vegar í 70% stöðu.

3.2. **Minnisblað frá deildarstjóra yngsta stigs GíH frá 30. ágúst 2010 vegna síðdegishressingar á skólaseli.**

Lagt fram minnisblað frá deildarstjóra yngsta stigs GíH þar sem óskað er eftir að boðið verði upp á síðdegishressingu í skólaseli gegn 100 kr viðbótargjaldi á dag.

Bæjarráð samþykkir tillögur deildarstjóra en ávallt verði þess gætt að foreldrar og forráðamenn standi straum af efniskostnaði og annar kostnaður falli ekki til vegna þessa.

3.3. **Bréf frá leikskólastjóra Óskalands frá 30. ágúst 2010.**

Lagt fram minnisblað frá leikskólastjóra leikskólans Óskalands þar sem óskað er eftir að stöðugildi í mötuneyti verði aukið um 30%.

Bæjarráð samþykkir að fresta ákvörðun til næsta fundar og felur bæjarstjóra og formanni fræðslunefndar að kanna forsendur betur.

4. **Tæknileg málefni:**

4.1. **Minnisblað frá bæjarstjóra frá 30. ágúst 2010.**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra vegna erindis frá Lions klúbbi Hveragerðis vegna upplýsingaskilta sem klúbburinn hefur hug á að koma upp í Hveragerði.

Samþykkt að Aldís Hafsteinsdóttir og Eyþór H. Ólafsson verði fulltrúar Hveragerðisbæjar í starfshóp til að finna þessu máli farveg.

4.2. **Undirskriftalisti frá íbúum í Valsheiði vegna umferðaröryggis.**

Lagður fram undirskriftalisti 33 íbúa Valsheiðar þar sem óskað er eftir að bragarbót verði gerð á málum er varða umferðaröryggi í báðum götunum.

Bæjarráð samþykkir að vísa erindi íbúanna til skipulags- og bygginganefndar en felur jafnframt bæjarstjóra að ræða við lögregluna um víðtækt umferðareftirlit og hraðamælingar í hverfum Hveragerðisbæjar.

4.3. **Minnisblað frá skipulags- og byggingafulltrúa frá 25. ágúst 2010.**

Lagt fram minnisblað frá skipulags- og byggingafulltrúa vegna jarðvinnu gervigrasvallar á Vorsabæjarvöllum.

Bæjarráð samþykkir að verkið verði boðið út í almennu opnu úboði og það auglýst þann 4. september nk. Gert er ráð fyrir verklokum 1. desember 2010.

5. **Fjárhagsleg málefni:**

5.1. **Minnisblað frá Lex lögmannsstofu frá 31. ágúst 2010 vegna gatnagerðargjalda í Klettahlíð.**

Lagt fram minnisblað frá Lex lögmannsstofu þar sem rætt er um álitæfni

varðandi álagningu B-gjalda í Kletthlíð og spurningar er settar voru fram í bréfi lögmanns eigenda Kletthlíðar 12.

Bæjarráð telur að gögnin gefi til kynna að heimilt sé að leggja B-gatnagerðargjald að nýju á fasteign eiganda að Kletthlíð 12. Bæjarráð telur að í minnisblaðinu hafi verið svarað þeim spurningum sem settar voru fram af lögmanni eiganda Kletthlíðar 12. Bæjarráð samþykkir að B-gatnagerðargjald verði lagt á Kletthlíð 12 að nýju í samræmi við ákvæði laga þar um og samþykkt bæjarins frá 20. október 1993. Upphæð álagningar miðist við þær forsendur sem samþykktin mæli fyrir um og verði því miðað við kr. 1.244,- pr m³ við útreikning gjaldsins. Bæjarráð telur þó rétt að veita gjaldanda heimild til að staðgreiða gjaldið í samræmi við áralanga venju þar um. Bæjarstjóra er falið svara þeim spurningum sem settar hafa verið fram af lögmanni húseiganda að Kletthlíð 12 og senda jafnframt nýjan álagningarseðil til gjaldanda.

6. Fundargerðir til kynningar:

- 6.1. Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 19. ágúst 2010.**
- 6.2. Stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands frá 17. og 24. ágúst 2010.**
- 6.3. Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands frá 29. júní og 20. ágúst 2010.**
- 6.4. Héraðsnefndar Árnesinga frá 20. júlí 2010.**
- 6.5. Héraðsráðs frá 4. ágúst 2010.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)